

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins mánudaginn 22. mars 2021, kl. 20:00

Árni Einarsson formaður setur fundinn.

Stungið er upp á Jóhannesi Tómassyni sem fundarstjóra og Þorbjörgu Guðmundsdóttur sem fundarritara. Samþykkt.

Boðað var til fundarins með löglegum hætti þ.e. með bréfi til félagsmanna og auglýsingum í fjölmiðlum.

Dagskrá.

1. Formaður flytur skýrslu félagsstjórnar.

1.1. Stjórn og starfsmenn.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verið þannig skipuð: Árni Einarsson formaður, Ásgerður Sverrisdóttir varaformaður, Jón L. Árnason gjaldkeri og meðstjórnendur Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Magnús Gunnarsson og Þórunn Sævarsdóttir. Í varastjórn eru Gestur Svavarsson, Vala Smáradóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir sem jafnframt hefur verið ritari. Guðlaug B. Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri í fullu starfi. Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi tóbaksvarnir.

1.2. Heimsfaraldurinn.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á starfsemi félagsins. Námskeiðum, málþingum, ráðstefnum og fyrirlestrum hefur verið frestað og þá sérstaklega fræðslustarfsemi sem snýr að skólum.

1.3. Fræðslu- og forvarnarstarfsemi.

Árið 2014 var gerður samstarfsamningur við KÍ er kvað á um fræðslu-og fagráð sem hafði það hlutverk að marka stefnu í fræðslumálum félaganna. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á þessum samningi 2015. Formenn félaganna hafa verið með málið í vinnslu, en endurskoðun samningsins er ekki lokið.

1.4. Útgáfumál og fræðsluverkefni.

Verið er að vinna stutt árveknisskilaboð fyrir samfélagsmiðla þar sem lögð er áhersla á forvarnir og heilbrigða lífshætti. Vinna við ýmis fræðsluefni er ýmist lokið eða eru í vinnslu. Sem dæmi þá er fræðsluefni fyrir karla með krabbamein í blöðruhálskirtli nánast tilbúið. Fræðsluefni um krabbamein og áfengi er tilbúið og á næstunni verða stutt skilaboð úr því efni birt á samfélagsmiðlum. Aukin áhersla verður lögð á fræðsluefni á félagsmiðlum.

1.5. Tóbaksvarnir o.fl.

Tóbaksvarnir eru stór þáttur í starfsemi félagsins. Að undanfögnu hefur áherslan beinst að munntóbaksforvörnum, en nú hefur bæst við fræðsla um rafsígarettur og nikótínþúða.

Félagið sendi inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda um breytingar á lögum um rafrettur og nikótínvörur. Gerð var athugasemd við seinagang hins opinbera í setningu laga og reglugerða sem eiga að vernda íslensk börn og ungmenni.

1.6. „Hættan er ljós“.

17 ár eru síðan þetta átaksverkefni hófst. Stefnan hefur verið á að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja.

Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini.

1.7. Bleiki mánuðurinn.

Árlegt málþing sem félagið og fl. standa að gekk vel. Rúmlega 1000 manns fylgdust með í streymi.

1.8. Skógarganga.

Árleg skógarganga í októbermánuði féll niður vegna Covid.

1.9. Nemendur, skólar o.fl.

Formaður og starfsfólk félagsins aðstoðar nemendur, kennara framhaldsskóla, háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

1.10. Samstarf félagasamtaka í forvörnum.

Undanfarin fjögur ár hefur KH í samstarfi við aðra aðila kannað notkun á rafsígarettum og viðhorf til þeirra meðal Íslendinga 18 ára og eldri.

1.11. Vefsíðumál og samfélagsmiðlar.

Umræða hefur verið í stjórn að félagið geri sína eigin vefsíðu og nýti sér betur samfélagsmiðla.

1.12. Stuðningur við sjúklinga.

Tveir stuðningshópar hafa starfað undir verndarvæng Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum.

1.13. Happraættið.

Heildarsala happraættismiða 2020 var betri en árið á undan. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Póstburðagjöld eru verulega íþyngjandi og taka þarf útsendingarhópin til endurskoðunar.

1.14. Fjármál.

Afkomma félagsins var jákvæð um tæpar 3 milljónir. Kostnaður við fræðslustarfsemi var rúmar 18.6 milljónir króna. Happraættið skilaði félaginu rúmum 24 milljónum í tekjur.

Aðrir tekjuliðir eru félagsgjöld, styrkir, auk vaxtatekna sem hafa lækkað mikið.

1.15. Samstarf við ýmsa aðila.

Formaður KH hefur setið í stjórn Krabbameinsfélagsins og er mikilvægur tengiliður á milli félaganna.

Gjaldkeri KH er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins.

Guðlaug situr í stjórn Almannaheillasamtakanna sem fulltrúi Krabbameinsfélagsins og er gjaldkeri í samtökunum.

1.16. Lokaorð.

Þó margt hafi áunnist í krabbameinsmálum bíða fjölmörg viðfangsefni úrlausnar. Krabbamein snertir flesta landsmenn með einum eða öðrum hætti, beint eða óbeint og almennur skilningur er á mikilvægi þess að taka krabbameinsmálin föstum tökum og að unnið sé gegn fjölgun krabbameina með öllum tiltækum ráðum.

Fundarstjóri óskarði eftir athugasemdum við árskýrsluna.

Ásgeir Theódórs lagði fram fyrirspurn hvort félagið hygðist vera í samstarfi við LSH og heilsugæsluna varðandi legháls- og brjóstaskimanir með fræðslu og hvatningum nú þegar skimanirnar eru farnar frá Krabbameinsfélaginu.

Árni svaraði því til að félagið ætlaði sér að vera mjög virkt í að koma fræðslu og hvatningu til almennings.

Skýrslan borin upp til samþykktar. Samþykkt.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2020 kynntur og lagður fram.

Jón L. Árnason gjaldkeri KH kynnti ársreikninginn. Minna fór í fræðslu heldur en áætlað var og kemur það til vegna veirunnar. Aukinn kostnaður uppá 2 milljónir var á síðasta ári vegna 70 ára afmælis félagsins. Vaxtatekjur voru minni en áður. Bætt var 3 milljónum í happdrættissjóð til að mæta óvæntum útgjöldum. Brýnt að ná niður póstburðagjöldum og finna betri leið til að senda út happdrættismiðana. Staðfest er að félagskjörnir skoðunarmenn hafi staðfest ársreikninginn í tölvupósti og að þeir geri engar athugasemdir við ársreikninginn.

Ársreikningur borinn upp til samþykktar. Samþykktur.

3. Ákveðin upphæð árgjalda.

Samþykkt að árgjöld verði óbreytt eða 2.500 kr. á ári.

4. Stjórnarkjör.

4.1. Kosning formanns til þriggja ára. Tillaga stjórnar er að Árni Einarsson núverandi formaður verði það áfram. Samþykkt.

4.2. Kosning þriggja meðstjórnenda til tveggja ára. Tillaga stjórnar er Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir og Þórunn Sævarsdóttir. Tillagan samþykkt.

4.3. Kosning þriggja varamanna til eins árs. Tillaga stjórnar er Gestur Svavarsson, Vala Smáradóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir. Tillagan samþykkt.

5. Kosning félagskjörna skoðunarmanna.

Tillaga stjórnar er Birna Guðmundsdóttir, Jón Auðunn Jónsson og til vara Skúli Jón Sigurðsson. Tillaga samþykkt.

6. Kosning löggilts endurskoðanda.

Tillaga um Rögnvald Dofra Pétursson endurskoðanda hjá Ernst & Young. Tillagan samþykkt.

7. Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs.

Tillaga stjórnar er Ása Karin Hólm, Jón Auðunn Jónsson og Póra Magnea Magnúsdóttir. Tillagan er samþykkt.

8. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði.

Stjórn leggur til að varasjóður verði óbreyttur (10 milljónir kr.). Hvorki aukið framlag né ráðstafað úr honum. Stjórnin óskar eftir leyfi til að ganga á sjóðinn ef illa árar. Samþykkt.

9. Kosnir fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélagsins.

Tillaga um að það verði núverandi aðalmenn í stjórn KH og varamenn verði núverandi varamenn í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Stjórnin óskar líka eftir umboði til breytinga ef aðstæður krefjast þess. Tillagan samþykkt.

10. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingum liggur fyrir á fundinum.

11. Önnur mál.

11.1. Stjórn félagsins óskar eftir samþykki fundarins að framvegis verði boðað til aðalfundar með auglýsingum í dagblöðum og á vef- og facebooksíðum félagsins. Að auki verður fundarboð sent út til þeirra sem eru með skráð netfang hjá félaginu. Hætt verði að senda út fundarboð í pósti. Tillagan er samþykkt.

11.2. Fjórar ályktanir eru bornar upp á fundinum. Ályktanirnar má sjá í heild sinni á eftirfarandi vefslóð: <https://www.krabb.is/hofudborgarsvaedi/>

1. Ályktun Krabbameinsfélagsins um ristilskimun.

Ásgeir Theódórs læknir kvaddi sér hljóðs og lýsti áhyggjum sínum af stöðu skimana hér á landi þá sérstaklega áhugaleysi stjórnvalda til margra ára á að hefja skimun fyrir ristilkrabbameinum. Biðlaði hann til félagsins að beita sér af krafti í þessu máli.

Árni þakkað brýninguna og sagði félagið muni blása í varðandi þetta mál.

Ályktunin samþykkt.

2. Ályktun um framtíðarstefnu í tóbaksvörnum og nikótínvörnum.

Ályktunin samþykkt.

3. Ályktun um tóbaksvarnir og nikótínvarnir er snúa að börnum og ungmennum.

Ályktun samþykkt.

4. Ályktun um heildstæða stefnu í áfengismálum.

Jón L. Árnason kom með tillögu um að í 2. málsgrein ályktunarinnar yrði bætt orðunum „án mótvægis- aðgerða“ aftan við eftirfarandi setningu ... Þessi tala hækkar fljótt með aukinni neyslu, ef aðgengi eykst að áfengi, án mótvægisáðgerða.

Ályktunin samþykkt með breytingunni.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum flutti dr. Helgi Sigurðsson krabbameinslæknir erindi um 100 ára sögu geislameðferðar á Íslandi.

Kaffiveitingar.

Ritari: Þorbjörg Guðmundsdóttir

./